



Reykjavík, 21. september 2025

Fréttatilkynning:

VIKING CUP 2025 - WORLD CUP SATELLITE

Frábær árangur Andra Nikolayssonar á Viking Cup 2025 í Reykjavík um helgina

Um helgina var Viking Cup 2025 haldið í höggsvorði karla og kvenna í Skyllingamiðstöðinni í Laugardal. Mótið er hluti af heimsbikarkeppni Alþjóðaskyllingasambandsins og gefur stig á heimslista fyrir efstu 20 keppendur í báðum flokkum.

Fyrir hönd Íslands kepptu: Andri Nikolaysson Mateev, Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Gunnar Egill Ágústsson og Karitas Jónsdóttir.

Þátttakendur í keppninni voru 35 skyllingamenn frá 22 löndum, þar á meðal Alsír, Argentínu, Austurríki, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Ekvador, Hollandi, Hong Kong, Írlandi, Ísrael, Ítalíu, Jamaíku, Litháen, Lúxemborg, Nígeríu, Nýja-Sjálandi, Slóveníu, Svíþjóð, Tyrklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Góð frammistaða Andra

Andri stóð sig afar vel í riðlakeppninni og vann fjóra bardaga af fimm. Hann var í fjórða sæti eftir riðlana og tryggði sér þannig sterka stöðu í útsláttarkeppninni.

- Í 16 manna úrslitum sigraði hann Inkosi Brou frá Nígeríu 15–9.
- Í átta manna úrslitum hafði hann betur gegn Max Laurin Mueller frá Þýskalandi, 15–10.
- Í undanúrslitum mætti hann Yaman Furkan frá Tyrklandi í mjög spennandi viðureign sem endaði með naumu tapi, 13–15.

Sterk mótsárangur í sumar

Andri er í miklu uppsveiflu en í lok ágúst tryggði hann sér gullverðlaun á Opna Norðurlandameistaramótinu með höggsvorði, þar sem hann vann alla sína andstæðinga.

Æfingabúðir með heimsmeistara

Í aðdraganda Viking Cup hélt **Vassil Etropolski**, fyrrverandi heimsmeistari og þrefaldur sigurvegari í heimsbikarkeppni með höggsvorði, æfingabúðir fyrir fremstu skyllingamenn og þjálfara landsins.



Kalender Muhammed, Andri Nikolaysson
og Yaman Furkan



Andri Nikolaysson og Vassil Etropolis

Fyrir hönd Skylmingasambands Íslands,
 Nikolay Ivanov Mateev
 Formaður